

Fréttatilkynning frá OPUS lögmönnum

Reykjavík, 28. júní 2018

Efni: Kæra til Mannréttindadómstóls Evrópu – til verndar réttindum seinfærra foreldra

Hæstiréttur Íslands kvað upp dóm þann 25. janúar sl. þar sem umbjóðendur OPUS lögmanna voru sviptir forsjá dóttur sinnar, að kröfu Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, þvert á mat dómkvaddra matsmanna og vitnisburði sérfræðinga í málinu. Foreldrarnir sem hér um ræðir teljast seinfærir foreldrar og hafa þegið stuðning undanfarin ár á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks.

Foreldrarnir telja að brotið hafi verið í bága við réttindi þeirra til friðhelgis einkalífs samkvæmt 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Ítarleg dómaframkvæmd er til staðar hjá Mannréttindadómstólnum sem útlistar hver réttindi seinfærra foreldra skuli vera þegar áhyggjur eru til staðar af uppeldisaðstæðum á heimilinu. Foreldrarnir telja Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafa farið offari í kröfugerð gagnvart þeim um forsjárviptingu, nefndin hafi litið fram hjá réttindum foreldranna og gert kröfu um sviptingu forsjár að ósekju.

Þessa framgöngu Barnaverndarnefndar Reykjavíkur töldu dómstólar á Íslandi heimila. Þeir töldu mat Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um annmarka á forsjárhæfni rétt og staðfestu forsjárviptingu, endanlega með áðurnefndum dómi Hæstaréttar 25. janúar.

Þær málsástæður sem foreldrarnir byggja aðallega á fyrir Mannréttindadómstólnum eru eftirfarandi:

1. Undir rekstri málsins fyrir héraðsdómi var aflað matsgerðar tveggja dómkvaddra matsmanna, annars vegar reynds barnasálfræðings og hins vegar prófessors í fötlunarfræði. Hinir dómkvöddu matsmenn komust að þeirri niðurstöðu að ekki ætti að svipta foreldranna forsjá. Þá gagnrýndu matsmennirnir verulega framgöngu barnaverndarnefndar í málinu, meðal annars hvað varðar tilhögun stuðnings við foreldrana og hraða málsmeðferðar. Töldu þeir þær aðgerðir sem ráðist hafði verið í af hálfu barnaverndar, tilgangslausar og frekar í ætt við eftirlit en stuðning. Töldu hinir dómkvöddu matsmenn að foreldrarnir gætu haldið forsjá dóttur sinnar með viðeigandi og eðlilegum stuðningi.

Alfarið var litið fram hjá þessari matsgerð í niðurstöðum bæði héraðsdóms Reykjavíkur og Hæstaréttar Íslands en þess í stað byggt á öðrum gögnum sem aflað var einhliða af hálfu barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

2. Hraði málsmeðferðar hjá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur í málinu er án hliðstæðu miðað við dómaframkvæmd Hæstaréttar. Frá því Barnaverndarnefnd Reykjavíkur

opnaði mál foreldranna þar til nefndin kvað upp úrskurð, þar sem Borgarlögmanni er falið að krefjast sviptingar forsjár, líða minna en sex mánuðir. Samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar er meðalmálsmeðferðartími í málum sem enda með forsjárviptingu um 40 mánuðir. Miðað við dómaframkvæmd Hæstaréttar er þetta mál það sem hefur fengið stysta málsmeðferð. Auk þess var eingöngu gerð ein áætlun um meðferð máls með foreldrum með það að markmiði að bæta aðstæður barnsins og foreldranna. Að meðaltali hafa aftur á móti verið gerðar um fjórar slíkar áætlanir í öðrum málum sem enda með forsjárviptingu. Telja foreldrarnir því að að þau hafi fengið óeðlilega lítið tækifæri til þess að sýna sig og sanna sem foreldrar. Þau telja að það sé fyrst og fremst vegna þess að þau teljast til seinfærra foreldra og að þeir starfsmenn barnaverndar sem að máli þeirra komu hafi ekki haft trú á því að þau gætu bætt aðstæður sínar og foreldrahæfni.

3. Við meðferð málsins fyrir héraðsdómi kom fyrir dóminn fjöldi sérfræðinga sem komið hafa að stuðningi við foreldranna. Þar á meðal báru vitni fjórir starfsmenn Þjónustumiðstöðvar félagsþjónustu Reykjavíkurborgar, sem sinnt hafa þjónustu við foreldrana frá fæðingu barnsins. Allir þessir aðilar, sem teljast fagmenn og sérfræðingar á sínu sviði, voru sammála um að foreldrarnir hefðu nægilega hæfni til að fara með forsjá dóttur sinnar. Í niðurstöðum dómstóla, bæði héraðsdóms og Hæstaréttar var alfarið lítið fram hjá þessum vitnisburðum og þeir vart nefndir á nafn, né var tekin afstaða til sönnunargildis þessara vitnisburða. Þetta telja foreldrarnir jafnframt verulegan ágalla á niðurstöðum dómstóla í máli þeirra.

Í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar Íslands, í máli umbjóðenda OPUS lögmanna telja þau ljóst að íslenska Ríkið hefur ekki virt réttindi þeirra til friðhelgi einkalífs skv. 8. gr. Mannréttindasáttmálans. Hið sama á við um 23. gr. samnings Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þar sem meðal annars kemur fram að aðildarríki samningsins skuli tryggja að barn sé ekki skilið frá fötluðum foreldrum sínum nema slíkur aðskilnaður sé nauðsynlegur og jafnframt að barn skuli ekki skilja frá foreldrum sínum vegna fötlunar foreldranna.

Verði ekkert að gert af hálfu Mannréttindadómstólsins í máli foreldranna telja þau ljóst að seinfærir foreldrar á Íslandi búa við mun lakari réttarstöðu heldur en seinfærir foreldrar í öðrum Evrópuríkjum. Þau vona að mál þeirra verði til þess að barnaverndaryfirvöld og dómstólar breyti málsmeðferð gagnvart seinfærum foreldrum, bæði til verndar réttinda foreldranna en ekki síður til verndar réttindum barnsins sem þarf að sæta því að vera tekið af foreldrum sínum og vistað á nýjum stað með tilheyrandi umróti fyrir tilfinningalíf þess og tengslarofi sem óhjákvæmilega verður við þessar aðstæður.

Minningarsjóður Jóhanns Guðmundssonar, sem er í umsjón Þroskahjálpar, hefur það að markmiði að styrkja fatlað fólk til að sækja rétt sinn. Sjóðurinn er bakhjarl foreldranna og gerir foreldrunum kleift að láta reyna á réttindi sín fyrir Mannréttindadómstólnum.

Flosi H. Sigurðsson hdl., einn eigenda OPUS lögmanna fer með málið fyrir hönd foreldranna hjá Mannréttindadómstóli Evrópu.